

Gengið til góðs? Já, en ...

Þorvaldur Gylfason*

Um aldamótin 1900 var Ísland hálfdrættingur á við Danmörku í efnahagslegu tilliti. Landsframleiðsla á mann hér heima var þá með öðrum orðum aðeins um helmingur af landsframleiðslu á mann í Danmörku. Nú, röskum hundrað árum síðar, standa Íslendingar jafnfætis Dönnum, eða jafnvel feti frammar á suma kvarða. Okkur hefur tekizt að brúa bilið. Hvernig? Það er saga að segja frá því. Tekjur á mann á Íslandi tólfölduðust á 20. öld og vel það, en tekjur á mann í Danmörku sexfölduðust eða svo á sama tíma. Um aldamótin 1900 voru lífskjör í Danmörku svipuð og þau eru nú í Albaníu, en hér heima voru lífskjörin þá svipuð og þau eru nú í Bólivíu. Nú er öldin önnur. Ísland skipar fimmta sætið á lista Alþjóðabankans yfir ríkustu lönd heims 2005 á eftir Lúxemborg, Bandaríkjunum, Noregi og Sviss. Næstu sæti skipa Írland, Hong Kong, Danmörk, Austurríki og Bretland. Hér er átt við þjóðarframleiðslu á mann á kaupmáttarvirði, og er þá tekið mið af því, að verðlag er mishátt eftir löndum og kaupmáttur heimilanna misjafn eftir því.

Þetta verður að kalla vel af sér vikið: að komast í fremstu röð á einni öld alla leið frá Bólivíu, sem skipar nú 151. sætið af 208 á tekjulista Alþjóðabankans. Þetta er bylting og ætti að vekja bjartar vonir í brjóstum fólks í Bólivíu, Afríku og annars staðar um fátæk lönd. En það er ekki sama, hvað býr að baki miklum vexti. Íslendingar héldu að mörgu leyti vel á sínum málum á 20. öld: við tókum okkur fyrst heimastjórn og síðan fullt sjálfstæði, tókum lýðræði sem sjálfsögðum hlut frá byrjun og tókum síðan smám saman upp markaðsbúskap, en þó ekki að gagni fyrr en um 1960. Margt annað lagðist á sömu sveif. Sumt gekk þó miður en skyldi. Yfirvöldin misstu stjórn á verðbólgunni, sem gróf undan innlendum sparnaði og fjárfestingu og veikti vaxtargetu hagkerfisins. Yfirvöldin gættu þess ekki heldur að opna hagkerfið svo sem með þurfti í tæka tíð til að liðka fyrir erlendum sem innlendum viðskiptum, heldur lögðu þau lengi vel og leggja enn ýmsar hömlur á innflutning og innlenda samkeppni og veiktu undirstöður efnahagslífsins enn frekar með því móti. Menntamál sátu á hakanum, svo sem ráða má af því, að um 40% einstaklinga – 48.000 manns! – á aldrinum 25-64 ára hafa nú aflað sér grunnskólamenntunar í mesta lagi, en svo er til viðmiðunar ástatt um 12% til 19% einstaklinga á sama aldri í Danmörku, Noregi og Svíþjóð samkvæmt upplýsingum OECD; allir aðrir hafa aflað sér framhaldsmenntunar.

Þessir þættir valda miklu um það, að hagvöxturinn á Íslandi hefur verið öðruvísi saman settur en vöxturinn víða annars staðar. Í fyrsta lagi þurfa Íslendingar að hafa mikið fyrir hlutunum til að bæta sér upp óhagræðið af ýmsum þrúgandi búsigjum, sem þeir hafa vanið sig á að leggja hverjir á aðra. Þess vegna þurftu Íslendingar að jafnaði að vinna 1800 stundir 2005 á móti 1600 stundum í Svíþjóð, 1500 stundum í Danmörku og tæpum 1400 í Noregi. Við vinnum

* Prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands.


myrkranna á milli: öðruvísi náum við ekki endum saman. Þess vegna er landsframleiðsla á hverja vinnustund mun minni á Íslandi en í öllum hinum löndunum á listanum að framan yfir tíu ríkustu lönd heimsins raðað eftir þjóðarframleiðslu á mann. Landsframleiðsla á hverja vinnustund hér heima 2005 var minni en alls staðar annars staðar í Evrópu nema í gömlum einræðislöndum: Grikklandi, Austur-Evrópulöndunum, Portúgal og Spáni auk Kýpur og Möltu (mynd 1).

Af sömu sökum hafa Íslendingar talið sig þurfa að taka öll þessi lán í útlöndum. Verðbólgan gróf undan innlendum sparnaði og ýtti undir lánsfjárförfina. Erlent lánsfé þurfti til að halda uppi þeim lífskjörum, sem þjóðin vildi njóta. Erlendar skuldir þjóðarbúsins voru komnar upp í 440% af landsframleiðslu í árslok 2006. Skuldahlutflutfallið var til samanburðar 50% 1988 og 60% 1996 (mynd 2). Skammtímaskuldin einar námu 86% af landsframleiðslunni í árslok 2006 á móti 18% 2000. Þær þurfum við að endurgreiða innan árs, ef erlendir lánardrottinn óska þess. Gjaldeyrisforði Seðlabankans dugir nú aðeins fyrir fimmtungnum af útistandandi skammtímaskuldum þjóðarbúsins, og er ríkissjóður þó nýbúinn að taka gríðarstórt lán í útlöndum til að auka gjaldeyrisforðann. Að réttu lagi ættu skammtímaskuldin aldrei að fara upp fyrir gjaldeyrisforðann, svo að erlendum lánardrottnum mætti vera ljóst, að Íslendingar gætu fyrirhafnarlaust staðið í skilum innan árs, ef með þyrfti. Ríkið safnar nú skuldum aftur, og nú stefnir samkvæmt hagspám ríkisstjórnarinnar sjálfrar í halla á fjárlögum næstu ár og samdrátt í efnahagslífinu. Seðlabankinn spáir nú samdrætti í landsframleiðslu á mann næstu þrjú ár 2007, 2008 og 2009 og 5% atvinnuleysi 2009. Hvað er í gangi?


Uppsveifla undangenginna ára hefur hvílt á fjórum meginstöðum. Í fyrsta lagi leysti aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu úr læðingi áður bælda krafta, svo að mörg íslensk fyrirtæki gátu eflzt langt umfram fyrri tíð og sótt á erlend mið. Löngu tímabær einkavæðing bankanna studdi við þessa þróun. Í annan stað hafa fyrirtækin og heimilin með hjálp bankanna gengið á lagið og skuldsett sig upp í rjáfur. Það á eftir að koma í ljós, hversu vel þeim mun ganga að standa skil á skuldunum. Í þriðja lagi hafa stóriðjuframkvæmdir studdar ríkistrygðu lánsfé frá útlöndum ýtt undir uppsveifluna. Í fjórða lagi hefur landsstjórninni að ýmsu leyti farið fram síðan 1990, eftir því sem markaðsbúskapur hefur mætt minni tortryggni en áður líkt og í mörgum öðrum löndum, svo sem við var að búast eftir skipbrot kommúnismans. Stjórnvöld hafa greitt fyrir uppsveiflunni með því til dæmis að haga skattlagningu heimila og fyrirtækja á þann veg, að landinu hefur enn sem komið er haldizt vel á auðmönnum og útrásargjörnum fyrirtækjum. Á móti kemur, að aukin misskipting auðs og tekna sumpart af völdum stefnunnar í skattamálum og tryggingamálum kann að draga dilk á eftir sér í kjarasamningum og stjórnámálum. Vettlingatök í hagstjórn valda miklu um það, að Ísland á nú enn á ný Evrópumet í verðbólgu að Tyrklandi einu undanskildu. Síðan Seðlabankinn setti sér verðbólgu markmið í marz 2001, hefur verðbólgan verið yfir markmiðinu þrjá mánuði af hverjum fjórum og yfir efri þolmörkum (4%) helming tímans. Seðlabankinn og ríkisstjórnin bera sameiginlega ábyrgð þessu sleifarlagi.

Mikil skuldasöfnun heimila, fyrirtækja og ríkisins að undanfögnu gæti átt eftir að setja strik í reikninginn á næstu árum, stórt strik. Úrslitin munu að nokkru leyti ráðast af þolinmæði erlendra lánardrottna og af gæðum þeirrar fjárfestingar, sem lánsfénu – þeim hluta þess, sem fór ekki í neytluhítina – var varið til. Það skiptir ekki höfuðmáli hér, að drjúgur hluti skuldasöfnunarinnar hefur átt sér stað í einkageiranum ólíkt fyrri tíð. Stórfelld gjaldþrot heimila og fyrirtækja eru ekki einkamál, heldur smita þau út frá sér og geta kallað á dýrar björgunaraðgerðir af hálfu almannavaldsins, svo að einnig þeir, sem gættu ýtrustu ráðdeildar, sitja þá í súpunni. Þetta gæti gerzt til dæmis þannig, að erlendir lánardrottnar kæri sig ekki um að framlengja skammtímalánin – þar á meðal jöklabréfin svo nefndu, sem nema nú rösklega hálfri landsframleiðslu eins árs – og gjaldeyrisforðinn gufi upp, gengi krónunnar og hlutabréfa hríðfalli og verðbólgan rjúki upp. Gengisfall og meðfylgjandi verðbólga myndu þyngja skuldabyrði heimila og fyrirtækja. Einmitt þetta gerðist í Taílandi og nokkrum öðrum Asíulöndum fyrir tíu árum við svipaðar aðstæður að ýmsu leyti og nú eru uppi hér heima. Taíendingar héldu, áður en kreppan skall á, að skuldasöfnun einkageirans væri ekkert umtalsvert áhyggjuefni, en annað kom á daginn. Þeir gengu í gegnum miklar þrengingar í nokkur ár, en þeir hafa síðan rétt úr kútnum, af því að undirstaðan var sterk.

Gæti þetta gerzt hér? Já. Mun þetta gerast? Það veit enginn. Hitt má þó telja víst, að betri og agaðri hagstjórn undangengin ár hefði dregið úr líkunum á brotlendingu.



Mynd 1. Landsframleiðsla á vinnustund 2005 (Bandaríkjadollarar á kaupmáttarvirði)
 (Heimild: Háskólinn í Groningen, www.ggdc.net)



Mynd 2. Erlendar skuldir 1980-2006 (% af landsframleiðslu)
 (Heimild: Seðlabanki Íslands)